

Talþjálfun Reykjavíkur hefur sett sér persónuverndarstefnu sem er birt hér á vef fyrirtækisins.

Talþjálfun Reykjavíkur, kt. 560321-2520 Hlíðasmára 14, 201 Kópavogi, leggur ríka áherslu á að vernda persónuupplýsingar sem unnið er með í starfseminni. Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að skýra hvernig persónuupplýsinga er aflað og notkun þeirra og um réttindi skjólstæðinga. Talþjálfun Reykjavíkur leitast við að uppfylla ákvæði og laga um persónuvernd sem í gildi eru á hverjum tíma.

Persónuverndarstefna þessi er byggð á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB), nr. 2016/679.

Talþjálfun Reykjavíkur telst vera ábyrgðaraðili í skilningi laganna og ber ábyrgð á því hvernig persónuupplýsingar eru unnar í starfseminni.

Netfang persónuverndarfulltrúa Talþjálfunar Reykjavíkur er personuvernd@talrey.is

1. Almenn

Persónuupplýsingar eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til einstaklings. Öll vinnsla félagsins á persónuupplýsingum fer fram í samræmi við lög um persónuvernd nr. 90/2018 og almennu persónuverndarreglugerðina (ESB) 2016/679.

Vinnsla með persónuupplýsingar sem flokkast sem heilbrigðisupplýsingar er um margt frábrugðin annars konar vinnslu persónuupplýsinga, m.a. hvað varðar hagsmuni skjólstæðinga. Af þeim sökum er að finna mörg sérákvæði um slíka vinnslu í persónuverndarlögum sem taka mark af hinu sérstaka eðli vinnslunnar. Persónuverndarstefna fyrirtækisins tekur mið af þessari sérstöðu. Í henni er að finna lýsingu á því hvaða persónuupplýsingum Talþjálfun Reykjavíkur safnar og vinnur með, hvers vegna, hve lengi megi ætla að upplýsingarnar verði geymdar og með hvaða hætti sé gætt að öryggi þeirra.

2. Tegundir persónuupplýsinga sem unnið er með.

Talþjálfun Reykjavíkur notast við gögn sem veitt eru af skjólstæðingum/aðstandendum vegna þeirrar þjónustu sem Talþjálfun Reykjavíkur veitir. Auk þess er notast við gögn frá öðrum aðilum sem koma að þroska/umönnun skjólstæðinga, s.s. þjónustumiðstöðvum sveitarfélaga, GRR, HTÍ, ÞHS. Um er að ræða bæði persónuupplýsingar og viðkvæmar persónuupplýsingar þ.m.t. heilbrigðisupplýsingar sem skv. lögum skal vinna með sérstakri varúð.

Á Talþjálfun Reykjavíkur hvílir einnig lagaskylda sem almennt hvílir á öllum íslenskum rekstraraðilum sem vinna ákveðin persónugreinanleg gögn, t.d. vegna starfsmannahalds og ákvæða bókhalds- og skattalaga.

3. Tilgangur og heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga.

Tilgangur Talþjálfunar Reykjavíkur og heimild til vinnslu persónuupplýsinga byggir á 5. og 6. gr. laga um persónuvernd nr. 90/2018. Ef upplýsinga er aflað frá öðrum en viðkomandi einstaklingum sjálfum er það gert í samræmi við heimildir laga. Talþjálfun Reykjavíkur notar persónuupplýsingar um skjólstæðinga eingöngu í þeim tilgangi sem skjólstæðingar voru upplýstir um við söfnun þeirra. Ef Talþjálfun Reykjavíkur telur sig þurfa að nota upplýsingarnar í öðrum og óskyldum tilgangi þá verða skjólstæðingar upplýstir um það og á hvaða lagagrundvelli Talþjálfun Reykjavíkur telur slíka notkun heimila.

4. Hversu lengi geymum við gögnin?

Almennar upplýsingar um skjólstæðinga eru varðveittar í 1 ár frá lokum þjónustu nema ef um sé að ræða upplýsingar sem falla undir lög eða reglugerðir um sjúkraskrár. Sé um að ræða upplýsingar sem falla undir bókhaldslög eru þær varðveittar í 7 ár frá lokum viðkomandi reikningsárs.

5. Hvert er persónuupplýsingum miðlað?

Talþjálfun Reykjavíkur kann að miðla upplýsingum til Sjúkratrygginga Íslands, s.s. vegna kostnaðar þjónustunnar, en sérstök athygli er vakin á því að stofnuninni ber ávallt að haga meðferð persónuupplýsinga í samræmi við persónuverndarlög.

Í öðrum tilvikum miðlar Talþjálfun Reykjavíkur persónuupplýsingum eða persónugreinanlegum gögnum ekki til annarra aðila nema með samþykki skjólstæðings eða með sérstakri heimild í h-lið, 2. mgr. 9. gr. laga um persónuvernd nr. 90/2018.

6. Hvernig tryggjum við öryggi persónuupplýsinga?

Talþjálfun Reykjavíkur leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar með sértöku tilliti til eðlis þeirra. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra.

7. Réttur einstaklinga

Einstaklingur á rétt á að fá upplýsingar um hvaða persónuupplýsingar eru unnar um hann innan þeirra marka og með þeim takmörkunum sem persónuverndarlög tilgreina, auk þess sem persónuverndarlög veita skjólstæðingum margháttuð réttindi sem varða meðferð á persónuupplýsingum um þá. Einnig eiga skjólstæðingar sem veitt hafa upplýst samþykki rétt á að draga til baka samþykki hvenær sem er og án sérstakra skýringa og verður þá persónuupplýsingum um þá eytt, nema þeim sem ber að halda skv. lögum. Þá hefur einstaklingur rétt á að leggja fram kvörtun til Persónuverndar ef þeir telja að hafi ekki verið fylgt ákvæðum persónuverndarlaga um meðferð á persónuupplýsingum. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu Persónuverndar, www.personuvernd.is.

8. Endurskoðun

Talþjálfun Reykjavíkur getur breytt þessari persónuverndarstefnu og bætt við hana hvenær sem er og taka slíkar breytingar gildi án fyrirvara. Slíkar breytingar kunna t.d. að vera gerðar til að samræma persónuverndarstefnuna við gildandi lög og reglur er varða persónuvernd hverju sinni. Allar breytingar á stefnunni verða birtar á vefsíðunni: www.talrey.is.

Persónuverndarstefna þessi tók gildi 1. september 2021.

© Talþjálfun Reykjavíkur